

# Námsáætlun í íslensku

## 9. bekkur haust 2015

**Kennarar:** Auður Guðmundsdóttir, Erla Ragnarsdóttir og Írena Lilja Kristjánsdóttir



### **Námsþættir og kennsluaðferðir:**

**Bókmenntir:** Fornsaga vetrarins verður Kjalnesinga saga. Nemendur vinna ýmis verkefni upp úr henni auk þess að taka þátt í umræðum um efnivið bókarinnar. Nemendur taka tvö próf úr bókinni.

**Kennsluaðferðir:** Innlögn, umræður, verkefnavinna og leikræn tjáning. Nemendur vinna ýmist einir eða í samvinnu við aðra. Bókin verður lesin upphátt af kennara í tímum.

**Málfræði:** Nemendur vinna verkefnabókina Málið í mark eftir Ásu Marin Hafsteinsdóttur. Jafnframt vinna nemendur valdar blaðsíður í Orðhák 2 sem er eftir Magnús Jón Árnason auk annars efnis frá kennara. Nemendur taka tvö próf á önninni.

**Kennsluaðferðir:** Innlögn, umræður, vinnubókarkennsla, ýmist einstaklings- eða samvinnuverkefni.

**Ritun og framsögn:** Nemendur vinna nokkur ritunarverkefni á önninni og munu flytja þau fyrir bekkinn.

**Kennsluaðferðir:** Innlögn, umræður, sjónsköpun og sagnalist.

**Ljóð:** Nemendur vinna fyrstu fimm kaflana í bókinni Bragfræði eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Kennsluaðferðir: Innlögn, umræður, verkefnavinna og leikræn tjáning. Nemendur vinna ýmist einir eða í samvinnu við aðra.

**Stafsetning:** Unnið verður með reglurnar um:

- Tvöfalda samhljóða
- Ng/nk
- f/v
- hv/kv
- Stóran og lítinn staf
- N/nn



Nemendur fá verkefnahefti frá kennara sem mun að einhverju leyti vera unnið heima. Unnið verður með texta í tímum, í gegnum sóknarskrift, sem passar við hverja reglu fyrir sig. Nemendur taka svo próf úr tveimur reglum í einu.

Kennsluaðferðir: Innlögn, sóknarskrift og vinnubókarkennsla.

**Lokapróf** verður í annarlök.

Skólaeinkunn samanstendur af öllum þeim kaflaprófum, könnunum og verkefnum sem nemendur vinna á önninni auk lokaprófs í janúar. Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi námið hafið endilega samband við okkur: [audur.gudmundsdottir1@reykjavik.is](mailto:audur.gudmundsdottir1@reykjavik.is) , [erla.ragnarsdottir1@reykjavik.is](mailto:erla.ragnarsdottir1@reykjavik.is) og [irena.lilja.kristjansdottir@reykjavik.is](mailto:irena.lilja.kristjansdottir@reykjavik.is).

Með kveðju og ósk um gott samstarf, Auður, Erla og Írena Lilja 😊